

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2005, þriðjudaginn 15. febrúar, kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **33. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi.

1. Björn Steinar Sólbergsson, Þórunnarstræti 106, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús úr timbri á lóð nr. 2, á jörðinni Syðri Varðgjá, Eyjafjarðarsveit. Erindinu var frestað, sbr. 4. tölulið 31. fundar nefndarinnar frá 19. október 2004.

Nú hafa umbeðnar og nánari upplýsingar borist og breytingar gerðar á teikningum frá Jóni Guðmundssyni, arkitekt, dags. 20.09. 2004, verk nr. 279.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Gunnar Th. Gunnarsson, sækir um leyfi til að byggja við gistihús, stein og timbur, á jörðinni Leifsstöðum II, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt teikningum frá HSÁ teikstofu, Akureyri, dags. 12.12.04, verk nr. 04-207.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

3. Guðmundur Jón Guðmundsson og Guðrún Egilsdóttir, Holtsseli, Eyjafjarðarsveit, sóttu um leyfi til að breyta notkun fjóshlöðu, sbr. 10. tölulið 27. fundar frá 6. júlí 2004. Nú er sótt um leyfi til breytinga á áður samþykktum teikningum og einnig er sótt um leyfi fyrir breytingum á fjósi sbr. teikningar frá Byggingarþjónustu Bændasamtakanna, Magnúsi Sigsteinessyni, dagsettu 20.12.2004, verk nr. 0853-10.

Byggingarnefnd frestar erindinu þar sem upplýsingar vantar um aðkomu, stærð og notkun á millilofti og ekki kemur fram hvernig reykræsring er úr fjósi ef milliloft verður sett.

4. Kristín Sigurveig Hermannsdóttir, Merkgili, Eyjafjarðarsveit sækir um leyfi til að breyta fjósi og hlöðu á jörðinni Merkgili, samkvæmt teikningum gerðum af Ívari Ragnarssyni, dags. 14.02. 2005, verk nr. 11.02.05.

Erindið lagt fram til kynningar.

5. Húsasmiðjan, Lónsbakka, Hörgárbyggð, sækir um leyfi til að fella niður hluta af milligólfi, breyta starfsmannaaðstöðu, anddyri o.fl. á húsi fyrirtækisins við Lónsbakka, samkvæmt teikningum frá AVH teiknisofu, Akureyri, dags. 20. desember 2004.

Erindinu frestað þar sem umsögn eldvarnareftirlits á breyttum teikningum liggur ekki fyrir.

6. Eiríkur Sigfússon, Sílastöðum, Hörgárbyggð, sækir um leyfi til að byggja sumarhús úr timbri á lóðinni nr. 12 við Fögruvík á jörðinni Pétursborg, Hörgárbyggð, samkvæmt teikningu frá teiknistofunni Opus, teikni&verkfræðistofu, Akureyri, dags. 19.11.04, verk nr. 990204.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, en bendir á að leiðrétta þarf afstöðumynd.

7. Erindi frá Helgu Kristjánsdóttur og Helga Magnúsi Stefánssyni, eigendum lóðarinnar Skálafells í landi Veigastaða á Svalbarðsströnd, þar sem óskað er eftir álitum byggingarnefndar á því hvort húsagerð sem sýnd er á meðfylgjandi tillöguteikningum og staðsetning hússins á byggingarreitnum uppfylli fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu.

Byggingarnefnd getur enga afstöðu tekið til erindisins þar sem ekki er til staðar samþykkt deiliskipulag, en bendir á að þegar það liggur fyrir eigi hönnuður hússins að geta unnið samkvæmt því að framgangi málsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20.

Hreiðar Hreiðarsson

Kristján Kjartansson

Hermann Jónsson

Klængur Stefánsson

Bragi Pálsson

Jósavin Gunnarsson